

Deiliahagkerfið



Verður bæði deilt og haldið?

Hvað verður um velferðarkerfið?

Hvernig öflum við skatta?

Hvernig verður samkeppni sanngjörn?

Launþegi eða verktaki?

Hvað með réttindin?



Fréttabréf AFLs er helgað breytingum sem framundan eru á vinnumarkaði og samfélagsbreytingum sem þeim kunna að fylgja. Í þessu blaði er deilihagkerfið tekið fyrir sem segja má að sprottið hafi upp á tíu árum. Það gæti breytt sambandi vinnandi fólks við atvinnurekendur og viðskiptavini sem aftur kann að hafa áhrif á skattheimtu og velferðarkerfi okkar. Með því að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag
Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson
Ritstjórn: Gunnar Gunnarsson
Höfundar efnis og mynda: Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Rúnar Árnason og AFL Starfsgreinafélag.
Prófarkalestur: Gjallarhorn ehf.
Upplag: 5.500 eintök
Umbrot: Augasteinar/PES
Prentun: Héraðsprent
Dreift í öll hús á félagssvæði AFLs frá Langanesbyggð til Hornafjarðar



Meðal efnis

deilið og þér munuð drottna?



Aukin samnýting á forsendum auðvaldsins?

- Starfsmaðurinn verður líka að fá hlutdeild í gróðanum



Félagsleg undirboð skekkja samkeppnis

- Svindlararnir þeir einu sem græða



Hækkun leiguverðs rakin til Airbnb íbúða

- Deilihagkerfið á sinn þátt í hækkandi húsnæðisverði



Óöryggið skekur helst þá sem standa höllum fæti

- Launafólki fækkar og verktökum fjölgar



Grafið undan gistihúsum

- Er samkeppnin á sanngjörnum grundvelli?



Alþýðusambandið hefur tapað ímyndarstríðinu

- Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs



Skattayfirvöld þurfa að bregðast við

- Eftirlitið verður að vera virkt og viðurlög til staðar



Úr félagsstarfi AFLs

- Af kjaramálaráðstefnu og trúnaðarmannanámsskeiði

Viltu deila tannburstanum?

Í grunninn er deiliahagkerfið andsvar við neysluhagkerfinu og grunnhugmyndin ekki ný. Það er ekki heil brú í að kaupa sér borvél til að nota einstöku sinnum þegar hægt er að fá hana lánaða hjá nágrannanum. Það er óhagkvæmt og óumhverfisvænt. Hví þá ekki að auðvelda slík viðskipti með að búa til vettvang þar sem þeir sem eiga borvélar sem sjaldan eru notaðar geta boðið þær þeim sem vantar borvélar stöku sinnum?

Í könnun sem gagnasöfnunarfyritækið Nielsen gerði árið 2013 meðal 30.000 manns í 60 löndum kom í ljós að 68%

aðspurðra voru tilbúnir að deila eða leigja eigur sínar gegn gjaldi. Álíka margir, eða 66%, svöruðu að þeir væru líklegir til að nýta sér vörur eða þjónustu sem deilt væri. Hlutfallið er hæst í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku en lægra í vestanverðri Evrópu og Norður-Ameríku. Fólk á aldrinum 21-35 ára er líklegast til að nýta sér deiliahagkerfið, fólk yfir 65 ára aldri gerir það síður.

En það er ekki sama hverju deilt er – eða hvernig – eins og fjallað verður um í þessu blaði.



Hvað er deiliahagkerfið?

Í stuttu máli snýst deiliahagkerfið um að deila því sem þeir eiga aflögu, aðra vantar og því fylgir peningagreiðsla.

Hugmyndin er ekki ný en tækniframfarir hafa auðveldað deilinguna og búið til akfæita milliliði.



Frægasta dæmið er Airbnb sem býður þeim sem eiga aflögu íbúðarhúsnæði að skrá það til leigu fyrir þá sem eru á faraldsfæti. Á stuttum tíma hefur fyrirtækið haft gríðarleg áhrif - slík að það hefur verið bannað í nokkrum stórborgum. Það var stofnað árið 2008 og á sinn þátt í breyttum húsnæðismarkaði víða um heim.

Engin takmörk virðast á því sem hægt er að deila með öðrum. Þekking, fjármagn, fasteignir, billinn og tíminn. Kostnaði er náð niður með að nýta það sem fyrir er og taka út milliliðina. Fyrirtæki í deiliahagkerfinu, eins og Airbnb, selur fleiri gistinætur en stærstu hóteldjur heims án þess að eiga svo mikið sem einn svefnsófa.

Aðgengi meira virði en eign

Airbnb er eitt þekktasta fyrirtækið í deiliahagkerfinu, sem segja má að hafi vaxið fiskur um hrygg eftir hrúnið 2008. Í ritgerð Arnar D. Jónssonar og Rögnvaldar J. Sæmundssonar „Deiliahagkerfið – Fjárvaðing örfrumkvöðlanna“ er bent á að í hagkerfinu sé aðgengi meira virði en eign. Fyrirtækin sem fara fyrir deiliahagkerfinu byggja starfsemi sína á því að halda fastakostnaði í lágmarki og eiga lítið sem ekkert. Utan þróunarkostnaðar felst kostnaður þeirra í að veita þjónustu þar sem ókunnugir

geta treyst á að viðskiptin séu örugg og skilvirk. Fyrirtækin veita upplýsingar um þjónustu á einfaldan og öruggan hátt fyrir neytendur og þar með verður ódýrara fyrir þá að finna það sem þeir vilja.

Í skýrslu um alþjóðlega könnun gagnasöfnunarfyrirtækisins Nielsen er talað um að orðspor og traust séu að verða nýir gjaldmiðlar. Samkvæmt henni höfðu 70% neytenda í deiliahagkerfinu komið skoðun sinni á þjónustunni eða vörunni á framfæri. Yfir helmingur gerði það á samfélagsmiðlum, en tæpur þriðjungur hafði annað hvort notað heimasíður framleiðenda eða milliliðs.

Verktaki eða launþegi?

Talað er um gerandann á markaðinum sem „örfrumkvöðul“ sem um leið er bæði framleiðandi og neytandi (e. prosumer). Hann er verktaki sem vinnur verkefni sem hann fær í gegnum sýndarheima og tekur að sér í raunheimum. Það er hjáleid að stofna eigið fyrirtæki, þurfa að hafa fólk í vinnu eða taka bankalán og borga til baka til að koma rekstrinum af stað.

Á sama tíma tekur frumkvöðullinn ábyrgð á sér og sínu. Í sænskrí skýrslu frá árinu 2015 er bent á að víða í deiliahagkerfinu séu skilin milli verktaka og launþega orðin

ósýkr og þar með réttindin einnig. Þar er hvatt til þess að hugað verði að aðgerðum til að vernda þá sem taki þátt í deiliahagkerfinu. Auk þess þurfi að huga að efnahagsþáttum á borð við innheimtu virðisaukaskatts. Deiliahagkerfið byggir á ólíkum tengslum sem gera það að verkum að erfitt er að ákvarða hvaða reglur eiga við og hvenær.


Engin takmörk?

Deiliahagkerfið snýst bæði um áþreifanlegar og óáþreifanlegar eignir. Við höfum séð hópþjármögnun þar sem margir koma að því að fjárfesta eða koma framleiðslu á framfæri, til dæmis í gegnum Karolina Fund, rafræn markaðstorg, samfélagsmiðla, hvers konar samneyslu og jafningjaskipti. Opna alfræðiorðabókin Wikipedia er dæmi um deiliahagkerfið þar sem fólk deilir þekkingu sinni og vinnu við miðlun upplýsinga. Önnur dæmi eru TripAdvisor þar sem ferðalangar deila skoðunum sínum á skemmtigörðum, náttúruperlum, veitingahúsum og gististöðum og TaskRabbit sem er svæði fyrir iðnaðarmenn. Eins eru til vefþjónustur þar sem hægt er að komast í notuð föt, auka hendur þegar flytja þarf þunga hluti og landrými. Því sem hægt er að deila eru eiginlega engin takmörk sett.

Heimsmeistarar í deiliahagkerfinu

Deiliahagkerfið er hvergi umfangsmeira en á Íslandi, að því er fram kemur í skýrslu sænsku samtakanna Timbro. Á vegum þeirra var í fyrsta skipti reynt að búa til vísitölu fyrir deiliahagkerfið og kom sú skýrsla út síðsumars. Talið er að hátt hlutfall ferðabjónustu í landinu

og útbreidd netnotkun eigi sinn hlut í að Ísland lendi í fyrsta sætinu. Í skýrslu samtakanna segir að hátt skor Íslands sé sérstaklega eftirtektarvert í ljósi þess að leigubílaþjónustan Uber hafi ekki enn haslað sér völl í landinu.



Deiliahagkerfið

– samnýting á
forsendum
auðvaldsins?

Samnýting veraldlegra gæða hefur lengi fylgt mannkyninu, jafnvel alla tíð. Hver kannast ekki við hagkvæmi þess að nýta saman húsnæði að einhverju eða öllu leyti, sameignir í fjölbýlishúsum, sameiginlegt þvottahús? Og hver kannast ekki við að föt sem voru orðin of lítil, leikföng, reiðhjól og fleira gangi milli fjölskyldna eftir því hver hefur mesta þörf hverju sinni? Þetta er hluti af því að tilheyra samfélagi. Með aukinni tæknivæðingu á allra síðustu árum og áratugum hefur samnýting vaxið aftur. Hún er þó í annarri mynd en áður, því nú sem tekjulind þeirra sem hafa umráðarétt yfir því sem deilt er, s.s. húsnæði, bílum og fleiru. Nú er talað um samnýtingu sem sérstakt hagkerfi – hið svokallaða deiliahagkerfi.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

formaður AFLs starfsgreinafélags



Samfélagsleg áhrif

En hver eru samfélagsáhrif deiliahagkerfisins? Íslenska regluverkið er seint að taka við sér og nær illa utan um þau viðskipti sem verða til í deiliahagkerfinu. Það á við um skatta, tryggingar, öryggis- og heilbrigðismál. Á meðan skattar skila sér ekki til ríkis og sveitarfélaga bitnar það á þeirri þjónustu sem við ætlumst til að þau veiti. Áhrifin á húsnæðismarkaðinn eru eftir vill augljósust. Þegar íbúðarhúsnæði er í stórum stíl sett í skammtímaleigu, aðallega til ferðamanna, veldur það vaxandi eftirspurn, þenslu og tilheyrandi hækkun á húsnæðisverði. Húsnæðisskortur fjölskyldna sem vilja búa á viðkomandi svæði gerir vart við sig. Þetta þekkist vel hérlandis og talað er um að þúsundir íbúða séu í skammtímaútleigu í Reykjavík einni. Það þekkist líka á landsbyggðinni, þótt í smærri stíl sé.

Staða launafólks í deiliahagkerfinu

En hver eru áhrifin á launafólk? Hlutverk stéttarféлага er meðal annars að gæta þess að tækninýjungar skili sér til launafólks. Því þurfum við að fylgjast með þessari tæknivæddu útdeilingu á störfum. Í upphafi störfuðu þeir sem áttu og deildu sjálfir við verkefnið. Það breytist þegar starfsemin eykst og milliliðir yfirtaka hana. Á starfsfólk sem er ráðið til þrifa á húsnæði í skammtímaleigu ekki að starfa við svipaðar aðstæður og þeir sem eru í sambærilegum störfum á hótélum og gistihúsum? Ekki er ólíklegt að starfsemin hafi hvorki verið tekin út, né fengið leyfi. Starfsemin er að líkindum á mörgum stöðum án starfsmannaaðstöðu. Það er alls óvíst að brunavarnir og öryggismál séu í lagi og líklega er hvorki boðið upp á starfsmannasalarni, né kaffistofu.

Verktakaráðning eða verkefnabundin ráðning, þar sem að launamaður nýtur lítils starfsöryggis og hefur ekki tryggingu fyrir fullu starfshlutfalli er algennt fyrirkomulag. Félagsleg samskipti eru lítil sem engin, þar sem engum sameiginlegum vinnustað er til að dreifa.

Hjá Uber leigubílakeðjunni, þar sem starfa í dag þúsundir bílstjóra, var mikið um verkefnaráðningar og starfsmenn fengu einungis greitt fyrir þá túra sem féllu þeim í skaut. Eftir dómssmál í Bretlandi var staðfest að bílstjórnarnir væru launamenn og í framhaldi dró úr verktakaráðningum og starfsöryggi jókst.

Við verðum að fylgjast vel með

Ísland er enginn eftirbátur annarra þegar kemur að þátttöku í deiliahagkerfinu, þó svo að margar þjóðir hafi verið lengur með slíkt fyrirkomulag. Þekktast er líklega Airbnb. Það ævintýri hófst fyrir hálfgerða tilviljun. Fyrir dyrum stóð að halda stóra ráðstefnu í borg nokkurri í Bandaríkjunum. Þar var skortur á hótलगistingu og málið var leyst með því að leigð voru herbergi sem ekki voru í notkun í skamman tíma. Þetta hefur síðan orðið að viðskiptamódeli. Í stað þess að leigja í langtímaleigu, eins og áður tíðkaðist, hefur skammtímaleiga að miklu leyti tekið yfir. Í sumum tilvikum hefur þetta þróast í það að heilu íbúðirnar eru keyptar í því skyni að leigja þær í skammtímaleigu og þá helst til ferðamanna. Í þessu umhverfi er græðgin að taka yfir þá félagslegu hugsun sem markaði upphaf samnýtingar manna á milli.

Ef alþjóðavæðingin verður alfarið á forsendum auðvaldsins mun ójöfnuður aukast enn frekar en orðið er og því mikilvægt að hlutdeild í ágóða deilenda skiptist líka til starfsmannsins, ekki síður en þess sem á og deilir.

Deiliahagkerfið og húsnæðismarkaðurinn

Vandamálið þegar deiliahagkerfið hættir að vera deiliahagkerfi



Innkoma miðlara á borð við Airbnb hefur á stuttum tíma gerbreytt húsnæðismarkaði víða um heim. Nokkrar borgir hafa farið þá leið að banna slíka leigustarfsemi. Seðlabankinn telur íbúðir leigðar til ferðamanna skýra 15% af hækkun leiguverðs á íslenskum fasteignamarkaði. Hagfræðingur segir vandamálið verða til þegar deiliahagkerfið hættir að vera deiliahagkerfi og verður eitthvað annað.

Íbúðir á Íslandi
134.000
Í leigu á Airbnb
14.088

„Óánægjan ætti ekki að beinast að deiliahagkerfinu heldur hlutanum sem ekki er deiliahagkerfi. Almennt er húsnæði stærsta eign og neysluvara fólks. Þróunin undanfarna áratugi hefur þó verið sú að fjöldi íbúa á hverja íbúð er alls staðar að lækka. Húsnæði er dýrt, vaxtagreiðslur af því eru háar en þetta endurspeglar virðið sem í því er. Það ætti ekki að trufla neinn þótt við leigjum húsið okkar í nokkra daga þegar við förum að heiman. Þess vegna ætti að vera jákvætt ef húsnæði er nýtt betur, þá þarf síður að byggja meira.“

Þetta segir Vopnfirðingurinn Konráð S. Guðjónsson sem í dag starfar sem hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, aðspurður um áhrif deiliahagkerfisins á húsnæðismarkaðinn.

Veruleg áhrif á íslenskan húsnæðismarkað

Deiliahagkerfið á húsnæðismarkaði er gjarnan kennt við Airbnb þótt fleiri miðlarar séu á markaðinum. Hugmyndin er að nýta húsnæði

betur, til dæmis að fólk geti leigt öðrum heimili sitt þegar það fer í frí. Þetta getur hins vegar leitt til þess að húsnæði sem áður var leigt til búsetu, til dæmis til námsmanna eða ungs fólks sem vildi prófa að búa á ákveðnum stöðum, er frekar leigt til ferðamanna. Þetta leiðir til minna framboðs og hærra verðs á leigumarkaði. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands, sem gefið var út snemma á árinu, er vöxtur í skammtímaleigu til ferðamanna talinn skýra 2% af hækkun húsnæðisverðs undanfarin þrjú ár og 15% af hækkun fasteignaverðs að raunvirði.

„Þetta eru veruleg áhrif,“ segir Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans. Báðir benda á fleiri skýringar að baki hækkunum húsnæðisverðs. Daníel bendir á að fólk sem breytt hafi bílskúrum eða sett aukaherbergi í stórum eignum á leigu til ferðamanna hafi lítil áhrif á fasteigna- eða leigumarkaðinn. Hann rifjar upp að uppgangur hafi aukið eftirspurn. „Það var mikið byggt árin 2005-7 og fyrst eftir hrun var mikið af umframhúsnæði.

Erlendir starfsmenn höfðu flutt heim. Leiga til ferðamanna gaf tækifæri til að koma þeim eignum, sem ella hefðu staðið tómar, í notkun. Þegar hagkerfið réttir úr kútnum kemur nýtt erlent vinnuafli til landsins og aftur verður húsnæðisskortur sem veldur hækkun og spennu á leigumarkaði.“

Í minnisblaði Seðlabankans er einnig minnst á þetta atriði undir óbeinum áhrifum af leigu til ferðamanna. Vöxtur hafi verið í byggingariðnaði og hingað hafi flust starfsmenn til að byggja hótél, gistiheimili og íbúðir.

Góð langtímaáhrif?

Stærri króna og hærri laun hafa einnig gert það að verkum að fólk hefur haft meira á milli handanna og verið tilbúið að borga hærri leigu. Konráð bendir á að hækkun verðsins geti orðið til góðs, til dæmis á Austurlandi þar sem íbúðafjöldi hafi staðið í stað frá 2007. „Ef staðan er sú að fólk leigir húsnæði frekar til ferðamanna þrýstir það verðinu upp og það getur verið vont til skemmri tíma. Í tilfelli til dæmis Austurlands þarf staðan ekki að vera alvond. Ef leiga til ferðamanna hækkar verðið getur myndast hvati til að byggja. Vöndu áhrifin verða þannig kannski ekki jafn slæm og þau geta virst í fyrstu.“

Reyndin er sú að óvída hefur deiliahagkerfinu á húsnæðismarkaði verið tekið jafn opnum örmum og hérlendis. Samkvæmt samantekt Seðlabankans voru 14.088 íslensk gistiþléss í boði á Airbnb frá 8.162 gestgjöfum. Áætlað er að það séu um 10% allra íbúða í landinu. Rétt er þó að taka fram að sumir ferðaþjónustuaðilar auglýsa einnig þjónustu sína á vefnum. Bæði Konráð og Daníel benda á að tíðindi um hert eftirlit með heimagistingu á þessu ári og minni vöxtur í ferðaþjónustu hafi minnkað framboðið. „Ævintýramennirnir hverfa en eftir standa þeir sem eru með sitt á hreinu,“ segir Daníel.



Sá sem á tólf íbúðir er ekki að láta enda ná saman

Bæði í Evrópu og Bandaríkjunum hafa einstök borgaryfirvöld gripið til þess ráðs að banna starfsemi Airbnb. Margir íbúar eru þreyttir á útleigu íbúða í næsta nágrenni. „Staðsetningar og reglur um starfsemi hótela eru settar til að lágmarka ónæði af þeim. Ferðamenn eru hins vegar ekki mjög góðir nágrennar,“ segir í fréttaskýringu breska ríkisútvarpsins. Í henni er vakin sérstök athygli á gestgjöfum sem eru með margar íbúðir undir og tekið dæmi um byggingu með níu íbúðum sem allar eru leigðar ferðamönnum. „Það er í rauninni hótél,“ segir í umfjölluninni og bent á að þetta valdi því meðal annars að hótél hafi ekki getað hækkað verð. „Það er erfitt að segja að einstaklingur með 12 íbúðir í útleigu sé að reyna að láta enda ná sama,“ segir í grein í breska blaðinu Independent.

Daníel bendir á að skammtímaleigan hafi að einhverju leyti sett þrýsting á hótelin að finna nýjar leiðir og nefnir dæmi frá

Amsterdam. Þar hafi fjölskyldufólk nýtt sér íbúðaleiguna því óhagkvæmt sé að taka hótélherbergi. Hótelin gerðu sér grein fyrir þess og keyptu íbúðir og breyttu í íbúða-

hótél. „Neikvæðu áhrifin eru samt hin sömu fyrir íbúana.“

Í huga Konráðs er stærsta vandamálið, þegar deiliahagkerfið hættir að vera deiliahagkerfi, að almenningur hætti að deila því sem hann hefur afgang og í staðinn fari stórir aðilar að safna að sér eignum. „Ef þetta er orðið að atvinnurekstri sem er ekki á

jöfnum samkeppnisgrundvelli við annan atvinnurekstur hvað varðar kröfur, leyfi eða greiðslu opinberra gjalda, þarf að bregðast við. Ef íbúðir í bænum eru fullar af túristum meðan hótelin standa auð og erfitt er fyrir ungt fólk að flytja þangað er erfitt að segja að þetta sé hagkvæmt fyrir samfélagið. Þarna reynir á sveitarfélögin sem hafa skipulagsvaldið og hvort þau séu samþykkt því að á meðan takmarkaður húsnæðismarkaður sé á staðnum séu íbúðir reknar á sömu forsendum og gistiheimili í bænum.“



Konráð S. Guðjónsson
hagfræðingur



Heimagisting „Engu minni hættu að brenna inni á stað sem leigir herbergi bara í 90 daga”

Þeir sem reka gististaði á Austurlandi eru margir hverjir óskullir yfir hinni svokölluðu 90 daga reglu í gistiþjónustu sem skekkir samkeppnisstöðu verulega að þeirra mati og kalla eftir öflugra eftirliti með sölu gistingar. Deilisíður eins og Airbnb hafa aukið verulega framboð heimagistingar.

Airbnb er einn þekktasti og áhrifamesti miðlarinn í deiliahagkerfinu. Hugmyndin að baki honum er að gera íbúðareigendum kleift að annað hvort leigja íbúðir sínar þegar þeir eru í burtu eða aukahúsnæði sem þeir hafa og er ekki að fullu nýtt. Í einhverjum tilfellum eru seljendur gistingar hins vegar mun umsvifameiri en það.

Eftir hrun var umtalsvert af lausu íbúðarhúsnæði auk þess sem húsnæðisskuldur lögðust þungt á marga. Þeir gripu því fegin hendi tækifærið til að leigja út eignir í gegnum Airbnb þegar ferðamenn fóru að streyma til landsins upp úr 2011.

Uppfylla þarf ýmis skilyrði til að mega selja gistingu og ljóst er að margir stytta sér leiðina framhjá því, sem og skattayfirvöldum. Til að bregðast við þessu setti Alþingi lög sem tóku gildi í byrjun árs 2017 þar sem heimilað er að leigja út eignir í allt að 90 daga á ári og fá allt að tvær milljónir króna í tekjur, en rétt þótti að skilja á milli þeirra

sem seldu gistingu allt árið í atvinnuskyni og þeirra sem gerðu það fáa daga á ári. Í daglegu tali er þetta ákvæði kallað níutíu daga reglan og var fyrirmyndin sótt til Lundúna.

90 dagar eru 100%

Í samtölum Fréttabréfs AFLs við gisti-rekendur víða um Austurland kom fram hörð gagnrýni á 90 daga regluna sem þeir segja skekkja verulega samkeppnisstöðuna. „Reglan hentar ekki hér. Hún er í raun 100% regla,” segir Ívar Ingimarsson sem sæti á í stjórn Samtaka ferðapjónustunnar. „Reglan er alltof rúm. Aðilar geta leigt ansi mikið án þess að hafa mikil leyfi eða borga mikið,” segir Gunnlaugur Jónasson á Gistihúsinu á Egilsstöðum.

Báðir eru gagnrýnir á hvernig litlar takmarkanir á gistingu í heimahúsum skekkja samkeppnisstöðu þeirra sem eru í slíkum rekstri af fullri alvöru. „Þeir sitja

ekki við sama borð varðandi allt sem við þurfum að uppfylla við að koma gististað í lag, bæði hvað varðar öryggi á gististað og aðrar reglur. Við finnum helst fyrir þessu á erfiða tímanum, á veturna. Það er erfitt að hafa þessa samkeppni á móti sér þegar hún býður niður verðin.

Mörg hótél og fleiri staðir eru ekki með rekstur í mikið meira en 90 daga. Hjá okkur eru viðskiptin orðin fín í 5-6 mánuði á ári en veturnir eru erfiðir. Ef maður horfði ískalt á málið ætti maður kannski að loka frá 1. október til 1. maí,” segir Gunnlaugur.

Skattarnir skila sér ekki

Fréttabréfið talaði við fleiri eigendur gistihúsa á svæðinu sem fóru mishörðum orðum um deilisíðurnar. Margir, til dæmis Hótel Framtíð á Djúpavogi, Hótel Bláfell á Breiðdalsvík og Hótel Hildibrand í Neskaupstað, bjóða gistingu í gegnum

Airbnb. Einn hóteltjóri sem við ræddum við benti á að samanborið við aðrar bókkunarsíður væri Airbnb áreiðanleg og gestirnir yfirleitt lausir við vesen.

Aðrir bentu á að heimagistingin græfi undan atvinnutækifærum í samfélögunum. Þeir sem hana selji leggi ekki neitt til markaðssetningar heldur njóti góðs af vinnu annarra og fleyti að auki rjómann af. Hæpið sé að þeir sem selji gistingu í stuttan tíma reikni sér laun af því og þar með verði samfélagið af tekjum. Sumir nefndu jafnvel dæmi um að fólk færi heim úr sinni aðalvinnu á launum til þess að þrifa íbúðir sem það væri með í útleigu í beinni samkeppni við viðurkennda gististaði. Þá séu réttindi launafólks ekki tryggð þar sem ekki sé fylgst með heimagistingu. Við úttekt Fréttabréfs AFLs komu í ljós fjögur dæmi á félagssvæðinu þar sem auglýst var eftir fólki þar sem umsón gistirýmis var í verklýsingu á síðunni WorkAway, án þess að tekið væri fram að laun væru í boði.

Við bætist að öflugri gististaðir eigi meiri möguleika á að halda í gesti sína og fá þá til að verja meiri tíma og peningum

á svæðunum, séu jafnvel að reyna að byggja upp afþreyingu sjálfir. Þetta komi því niður á fleiri en bara þeim sem selji gistingu.

Kalla eftir auknu eftirliti

Gistirekendurnir eiga það þó sammerkt að vera hvað harðorðaðstir í garð 90 daga reglunnar. Þeir lýsa lagasetningunni sem „óábrygri“ og að hún myndi vart líðast í öðrum atvinnugreinum. Í umsögn sem átta stórir ferðaþjónustaðilar á Austurlandi sendu Alþingi í vor um lög um Ferðamálastofu er kallað eftir stórauuknu eftirliti með leyfislausum gistaðilum. Viðmælendur Fréttabréfsins bentu á að auðveldara ætti að vera að leita uppi upplýsingar í gegnum deilisiðurnar, ekki þyrfti lengur að njósna um fólk eins og þurfti þegar leitað var eftir sjónvarpstækjum til að geta rukkað afnotagjöld RÚV.

Í umsögninni er einnig bent á að ríkið verði af skatttekjum. Húsnæði í 90 daga reglunni er ekki skattlagt sem atvinnu- húsnæði. Prófmál er á leið fyrir dómstóla eftir að Grímsnes- og Grafningshreppur



Gunnlaugur Jónasson, annar eigenda Gistihússins á Egilsstöðum.

skattlagði sumarhús í útleigu sem atvinnu- húsnæði. „Ég er algjörlega á móti 90 daga reglunni. Í henni er til dæmis engin krafa gerð um brunaeftirlit en það er engu minni hættu að þú brennir inni á stað sem leigir bara út í 90 daga. Þegar byrjað er að leigja húsnæðið út er það orðið atvinnuhúsnæði,“ segir Gunnlaugur.

Hvað þarf til að skrá gistingu?

Án leyfis

✓ Ekkert

90 daga leyfi

- ✓ Þinglýsta eign, ekki fleiri en tvær á einstakling.
- ✓ Tilkynna sýslumanni og framvísa þinglýsingu.
- ✓ Staðfesta að húsnæðið uppfylli kröfur í reglugerð um brunavarnir, sé samþykkt íbúðarhúsnæði og fullnægi reglum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- ✓ 8.560 kr. árlega fyrir skráninguna.
- ✓ Ekki má selja fyrir meira en tvær milljónir króna á ári samkvæmt reglum um virðisaukaskatt. Þeir sem selja virðisaukaskattskylda þjónustu fyrir minna en þá upphæð á ári eru undanþegnir skattskyldu.
- ✓ Enginn gistináttaskattur.
- ✓ Ekki leigja í meira en 90 daga samanlagt í báðum eignum.

Gisti- og rekstrarleyfi

- ✓ Hafa búsetu á Íslandi.
- ✓ Vera lögráða og minnst 20 ára á umsóknardegi.
- ✓ Hafa forræði á búi sínu.
- ✓ Hafa tilkynnt atvinnurekstur til ríkisskattstjóra.
- ✓ Hafa ekki verið sviptur leyfi til reksturs gististaðar á síðustu fimm árum.
- ✓ Skulda ekki samanlagt meira en eina milljón í skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífseyrissjóð samkvæmt vottorðum.
- ✓ Hafa ekki brotið almenn hegningarlög, lög um ávana- og fíkniefni, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, tekjuskatt, virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald eða gistileyfi á síðustu fimm árum. Sakavottorð 2.000 kr.
- ✓ Framvísa starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- ✓ Nákvæm teikning af húsnæði.
- ✓ Staðfesting sveitarstjórnar um húsnæðið sé samþykkt.
- ✓ Að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.
- ✓ Vinnueftirlit kannar hvort aðstæður á vinnustað séu í samræmi við ákvæði laga.
- ✓ Virðisaukaskattur.
- ✓ Gistináttaskattur.

Samkeppni á réttum forsendum?


Airbnb er trúlega umfangsmesta deilikerfið á Íslandi en margir gripu gæsina þegar hún gafst eftir hrun og ferðamönnum fjölgaði til að leigja út íbúðir sínar. Gallinn er hins vegar að stór hluti leigunnar er óskráður. Fréttabréf AFLs kannaði umsvif Airbnb á félagssvæðinu, frá Þórshöfn í norðri til Hornafjarðar í suðri. Alls voru 382 herbergi eða hús til leigu á félagssvæðinu í gegnum þjónustuna. Upplýsingar um gestgjafa voru bornar saman við skráningu á heimagisting.is, þar sem bæði má finna þá sem eru með leyfi til að selja gistingu í 90 daga á ári og þá sem

eru með fullt gistileyfi. Í yfirferðinni komu fram 47 gestgjafar sem ekki voru með leyfi. Ljóst er að minnst 12% eru án leyfis. Hlutfallið er þó trúlega hærra því nokkrir gestgjafar voru með fleiri en eina eign skráða til leigu.


Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirlit með heimagistingu en koma má ábendingum á framfæri í gegnum heimagisting.is. AFL hefur komið upplýsingum úr athugun sinni á framfæri við embættið.

Hvar eru Airbnb íbúðirnar?


Fjöldi hótélherbergja á Austurlandi




Fjöldi gististaða á Austurlandi




Fjöldi gistirýma í Airbnb leigu á Austurlandi



Leigutekjur af Airbnb gistirýmum á Austurlandi (í milljónum króna)





Allt í góðu lagi?

Ekkert pláss á Airbnb fannst án leyfis í Fljótisdal, á Borgarfirði eystra, Bakkafirði, Fáskrúðsfirði eða Eskifirði. Aðeins á síðastalda staðnum voru söluaðilar gistingar sem nýttu sér 90 daga regluna, annars staðar voru aðilar með fullt gistileyfi. Á Stöðvarfirði fannst aðeins ein af þeim ellefu eignum sem í ljós komu í úttektinni með skráð leyfi á heimgisting.is.

A pink piggy bank sits on a white surface, surrounded by a large pile of various coins, including silver and copper ones. The background is a plain, light-colored wall.

Deiliahagkerfið og skattheimta

Einstaklingurinn er ábyrgur fyrir að veita réttar upplýsingar

Sú áskorun að fást við einstaklinga fremur en fyrirtæki flækir málin fyrir skattayfirvöld. Vonlaust virðist að skattleggja tekjur milliliðanna. Ábyrgðin er á einstaklingum og yfirvöld verða að hafa burði til að fylgja eftir reglum.

Samrekstur þjóðarinnar, velferðarkerfið, byggir á tekjum sem verða til með skattheimtu. Til að þjónustan sé fyrir hendi verða þegnarnir að axla sína ábyrgð með að leggja sitt af mörkum. Sérfræðingar hafa bent á að ýmis vandkvæði fylgi skattheimtu í deiliahagkerfinu. Í fyrsta lagi séu margir litlir aðilar að veita þjónustu, hins vegar taka alþjóðlegir milliliðir sinn skerf. Þetta valdi því að tekjurnar skili sér ekki í ríkiskassann. Og ef það gerist molnar undan velferðinni.

Í skýrslu hins sænska Entreprenörskaps Forum „Sharing Economy – Embracing Change with Caution“ frá árinu 2015 er komið inn á ýmis vandkvæði við skattheimtu í breyttu umhverfi. Sérstaklega snýr hún að innheimtu virðisaukaskatts, sem er skattur sem seljandi þjónustu eða vöru í raun innheimtir fyrir ríkið. Þar segir að erfitt sé að krefja hina alþjóðlegu milliliði, til dæmis TaskRabbit, um að gera það en að sama skapi sé erfitt að krefjast þess af hverjum og einum sem taki að sér smá verk fyrir lága upphæð að læra allar skattareglur. Það sé óhagkvæmt og jafnvel ósanngjarnt. Einstaklingurinn sé þá farinn að verja tíma sínum í annað en það sem hann er góður í.

Jafnvel sé rétt að endurskoða skattheimtuna, í stað þess að skattleggja vinnu sé réttara að skattleggja eignir.

Frelsi til athafna fylgja ábyrgð og skyldur

„Mitt viðhorf er að það sé engin ástæða til að amast við deiliahagkerfinu sem slíku, hvort sem einstaklingar eru að leiga eigið húsnæði eða selja þjónustu. Það getur verið þjóðhagslega hagkvæmt ef fjárfestingar eru nýttar til að taka af toppinn og minnka þörfina á sérstakri fjárfestingu.

Það er hins vegar eðlilegt að gera til þessara aðila þær grundvallarkröfur sem gerðar eru til starfsemi á hverju sviði, til dæmis um að þeir sem selja ferðir á bílum sínum hafi til þess réttindi og uppfylli almennar kröfur sem gilda. Frelsi til athafna fylgja ábyrgð og skyldur í samræmi við það sem gengur og gerist.“ Þetta segir Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri og núverandi formaður Félags leiðsögumanna.

Vantar upp á skráninguna

Gagnrýni hans snýr einkum að því að starfsemin sé öll skráð og uppi á borðinu þannig að yfirvöld geti fylgst með. „Mér sýnist vanta upp á þessa skráningu. Það er ekki hægt að hafa eftirlit með þjónustunni nema vita um hana. Það verða að vera reglur um skyldur þessara aðila til að skrá sig hjá viðkomandi yfirvöldum. Þetta er meðal annars mikilvægt vegna þeirrar ábyrgðar sem kann að lenda á þessum aðilum. Skráningarskyldunni verða líka að fylgja viðurlög sé hún ekki rækt.“

Leyfisskyldan er meðal þeirrar gagnrýni sem leigu-bílafyrirtækið Uber hefur sætt. Í grunninn gengur hugmynd fyrirtækisins út á að fólk sem á lausan tíma og laus sæti í bílum sínum geti boðið farþegum að sitja í gegn gjaldi. Þjónustan er aðgengileg víða um heim en er ekki enn komin til Íslands. Uber sætir harðri gagnrýni frá leigubílstjórum víða um heim þar sem þeir eyða tíma og peningum í að afla sér leyfa til fólksflutninga og sæta skráningarskyldu sem bílstjórar Uber koma sér hjá. Á nokkrum stöðum hefur þjónusta fyrirtækisins hreinlega verið bönnuð.

Einstaklingurinn ber ábyrgðina

Þótt fyrirtæki deiliahagkerfisins séu víða gagnrýnd minnir Indriði á að ábyrgðin sé í raun einstaklinganna og kallar eftir að brugðist sé við með auknu eftirliti. „Ég tel ekki ástæðu til að amast við svona starfsemi af ótta við að skatttekjur skili sér ekki. Það er verkefni yfirvalda að ganga eftir að það gerist. Grundvallarreglan í íslenskum skattalögum er að einstaklingurinn er ábyrgur fyrir að gefa skattayfirvöldum réttar upplýsingar. Það er regla sem á að fylgja fastar eftir og taka harðar á ef hún er brotin. Menn eru frjálssir að því að veita þjónustu í eigin nafni en á móti á að gera strangar kröfur um að starfsemin sé á yfirborðinu og gagnsæ og öllum kröfum og reglum sé fylgt.



Indri H. Þorláksson,
fyrrverandi ríkisskattstjóri

Það er verkefni skattayfirvalda að laga sig að síbreytilegum aðstæðum. Fyrir 20 árum höfðu menn engar áhyggjur af viðskiptum yfir netið. Viðbrögðin eru ekki þau að banna eða leggja stein í götu eðlilegrar þróunar sem getur verið þjóðhagslega hagkvæm heldur finna leiðir til að halda þeim almennu reglum um heilbrigði, öryggi, skattskil og annað sem gerðar eru kröfur um.“

Milliliðirnir veiti upplýsingar

Milliliðirnir sem selja þjónustuna taka allir sinn hlut og sá hlutur verður aðeins eftir þar sem þeir eru skráðir með starfsemi sína. Það gjald sem til dæmis Airbnb tekur fyrir að leigja út íslenska íbúð fer þannig til Bandaríkjanna.

Indriði segir alþjóðlegar skattareglur með þeim hætti að ekki sé hægt að skattleggja hlut fyrirtækjanna og það virkar í allar áttir. „Rúmensk yfirvöld geta ekki skattlagt íslenskt fyrirtæki sem hefur milligöngu um að útvega gistingu í Rúmeníu.“ Hann telur hins vegar rétt að láta reyna á hvort hægt sé að skikka milliliðina til að veita skattayfirvöldum upplýsingar um þá sem veiti þjónustuna. „Ég held að það sé vonlaust að seilast í hagnað milligönguadilans því hann fellur ekki undir okkar lögsögu. Ég held hins vegar að íslensk skattayfirvöld ættu að láta reyna á að fá upplýsingar frá milliliðunum um keypta þjónustu. Ég veit það getur verið erfitt en það er spurning hvort fjölþjóðleg skattasamvinna getur áorkað einhverju.“

En hversu raunhæft er það fyrir skattayfirvöld að fylgjast með einstaklingunum? „Það dettur engum í hug að til dæmis hverjum eyri hjá iðnaðarmönnum sé skilað til skattsins en við reynum að halda í horfinu með því að halda uppi eftirliti. Það er til staðar í dag og fyrirtæki sem kaupa þjónustu eiga að upplýsa um launa og verktakagreiðslur. Brot á reglunum mega ekki vera án viðurlaga. Ef menn standa ekki rétt að málum taka þeir áhættu og hún á að hafa fælingaráhrif.“

Airbnb neitar að veita upplýsingar

Eins og Indriði minnst á væri æskilegt að milliliðirnir gæfu skattayfirvöldum upplýsingar um seljendur þjónustu. Hann er ekki einn um þá hugmynd. Borgarstjórnin í New York samþykkti í sumar lög sem skyldar Airbnb og sambærilegar þjónustur til að gefa borgarvöldum mánaðarlega upplýsingar um þá sem leigja út heimili sín í skammtímaleigu. „Þessi lög snúast um gagnsæi og að milljarðafyrirtæki, sem ekki eru góðir nágarnar,

axli ábyrgð,” sagði borgarfulltrúinn Carlina Rivera.

Airbnb hefur ekki tekið reglunum þegjandi heldur stefnt borgaryfirvöldum fyrir dómstóla út af þeim. Fyrirtækið heldur því fram að lögin, sem skylda fyrirtækið meðal annars til að gefa upp heimilisfang, netfang, lögheimili og leigutekjur, brjóti gegn persónuvernd og stjórnarskrá landsins.



Úr vinnustaðaeftirliti

Félagsleg undirboð Það tapa allir á undirboðum - nema svindlararnir

Brot gegn launafólki og félagsleg undirboð eru alls ekki ný af nálinni og verkalyðshreyfingin hefur lengi staðið fyrir vinnustaðaeftirliti til að reyna að koma í veg fyrir slíkt. Verkefnastjóri í vinnustaðaeftirliti segir það þjófnað þegar launafólk er hlunnfarið um umsamin laun. Í deilihagkerfinu standa launþegar gjarnan í alþjóðlegri samkeppni og yfirleitt er alltaf einhver sem hefur það verra og getur boðið lægra verð.

Í nokkur ár hefur Alþýðusambandið verið með vinnustaðaeftirlit undir kjörorðinu **Einn réttur - ekkert svindl!** Á þessu ári er búið að kanna stöðuna hjá um 1.200 fyrirtækjum og um 5.000 starfsmönnum. María Lóa Friðjónsdóttir er verkefnastjóri í vinnustaðaeftirliti hjá ASÍ. Hún hóf störf

fyrir á þessu ári en áður sinnti hún eftirliti á vegum félaga á Vesturlandi og Vestfjörðum. Hún segir starfið ekki einungis felast í eftirliti, heldur ekki síður í að reyna að efla vitund almennings um brotastarfsemi á vinnumarkaði og hvaða áhrif hún hafi á samfélagið.

„Starfsemi af þessu tagi grefur undan velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu, því tekjur sem eiga að standa undir rekstri þeirra skila sér ekki. Hún grefur undan samkeppnisstöðu heilbrigðra fyrirtækja og hún grefur undan áralangri baráttu fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði. Svo er náttúrulega um að ræða þjófnað í þeim tilvikum þegar er verið að hlunnfara launafólk um umsamin laun eða draga af því fyrir alls konar kostnaði sem á sér enga eðlilega stoð í raunveruleikanum,“ segir María Lóa.

Hugsa þarf um brotapolana

Á Austfjörðum gekk ekki lítið á þegar verið var að byggja Kárahnjúkavirkjun og verksmiðjuna á Reyðarfirði. Þá komu upp fjölmörg dæmi þar sem farið var á svig við lög og kjarasamninga. Oft kom til kasta verkalyðsfélaganna, sem beittu sér af fullri hörku og fóru með allmörg mál alla leið til dómstóla.

Aðspurð segir María Lóa að í ljósi þessa sé það að vissu leyti grátbroslegt að fólk sé að vakna núna upp við vandan draum - líklega í kjölfar umfjöllunar RÚV í Kveik. „Ég held að það séu allir af vilja gerðir, allir með hjartað á réttum stað, en þetta er marghöfða þurs. Það kinka allir kolli og eru sammála um að þetta gangi ekki svona, en samt tekur enginn af skarið.“ Hún segir að það sé t.d. ekki enn búið að kalla saman nefndina sem félagsmálaráðherra ætlar að skipa, af því að það vanti enn nokkrar tilnefningar.

Sárast í þessu, segir María, er að þolendurnir lendi á milli. Það taki enginn við þeim þegar eitthvað komi upp á, það séu engin úrræði. „Við höfum verið að kalla eftir úrræðum, það er ekki nóg að góma brotamennina, það þarf líka að hugsa um brotapolana“. Þeir eiga sjaldnast peninga fyrir fæði og húsnæði, en verst sé þegar þeir séu gerðir að blóraböggjum, eins og þeir sem hafi verið látnir ljúga til um þjóðerni.



María Lóa Friðjónsdóttir

María Lóa segir að það vanti tilfinnanlega heimildir til að beita sektum eða refsingum. Það gangi ekki að sömu aðilar geti brotið af sér ítrekað, stundum með því að skipta um kennitölu. Hún segist binda vonir við ný lög um starfsmannaleigur og keðjuábyrgð. Í þeim séu ákvæði um að Vinnumálastofnun fái heimild til að sekta. „Ég hef trú á að það verði látið reyna á þetta ákvæði fljótlega, það er mikið kastljós á Vinnumálastofnun í kjölfar Kveiks í sjónvarpinu um daginn.“

Endalaus útsjónarsemi

Þeir sem brjóta á starfsmönnum af ásetningi verða sífellt útsjónarsamari við brotin. „Stundum eru fjórir til átta starfsmenn saman í herbergi og greiða 60 - 90 þúsund í leigu hver. Við höfum séð dæmi um að menn séu látnir sofa á beddum til skiptis. Þeir deila rúmi, þótt þeir séu ekki í því á sama tíma. Annar sefur á meðan hinn vinnur og svo skipta þeir.“

Jafnframt eru mörg dæmi um eitthvað sem er kallað umsýslugjald og enginn veit hvað er. Þá er um að ræða fjárhæðir á bilinu tvö til sex þúsund krónur á mánuði. Stundum sjáist þetta á launaseðli, en stundum borgi fólk þetta eftir útborgun. „Við höfum dæmi um að allir pappírar séu í lagi, innborgunin fer rétt inn á bankareikningum, en síðan er

starfsmaðurinn látinn borga stóran hluta til baka í reiðufé“, segir María Lóa. Hún segir ennfremur dæmi um að fólk sé látið stimpla sig inn að morgni og síðan látið stimpla sig út eftir 8 tíma. Það sé síðan látið halda áfram að vinna fram eftir kvöldi, kauplaust. „Það getur verið erfitt að finna þessi dæmi, því allir pappírar eru réttir, ráðningar-samningar, launaseðlar, vinnuskýrslur og þess háttar. Það er ekki fyrr en farið er að kafa dýpra að eitthvað misjafnt finnst.“

Hluti af stærra samhengi

Það sem á sér stað á íslenskum vinnu-markaði er ekki séríslenskt fyrirbæri, heldur einn angi af alþjóðavæðingunni. Annar angi er það sem tengist deiliahagkerfinu. María Lóa segir þau einkum verða vör við það í gistigeiranum. Þar sé oftast um að ræða svokallaðar lykkláþjónustur, enginn sími og engin skrifstofa. Notandinn fái talnarunu sem hann noti til að komast inn og hitti sjaldnast nokkurn mann. „Við fáum stundum ábendingar, oftast um að erlendar konur komi til að þrifa leiguíbúðir í íbúahverfum. Við höfum ekki heimildir til að fara á þessa staði, því opinberlega eru þetta einkaheimili. Eini möguleiki okkar til að ná í þetta fólk, er þegar það gefur sig fram sjálft, eða að skattayfirvöld taki eigendurna til skoðunar. Það leka milljarðar framhjá ríkissjóði vegna þess að eftirlitið er ekki nógu gott. Ég er sannfærð um að kostnaður við aukið eftirlit kæmi margfalt til baka í auknum tekjum ríkissjóðs.“ Enn önnur hlið er þegar framleiðsla er flutt úr landi. Þetta er algengt í bókaprentun og það eru framleidd föt með íslenskum vörumerkjum í Asíu, í einhverjum tilvikum með barnavinnu. María Lóa segir þetta erfitt við að eiga, en þetta hafi augljóslega áhrif á kjör og atvinnu íslensk launafólks. „Þetta skekkir samningsstöðuna og atvinnuönguleika fólks hér. Við höfum í reynd varla önnur úrræði en að treysta samstarf við samtök launafólks á

alþjóðlegum vettvangi. Svo kemur alltaf að þeim punkti að við erum neytendur líka. Viljum við setja verndartolla á innflutt föt? Viljum við greiða hærra verð fyrir vöruna til að tryggja atvinnu á Íslandi? Hversu mikið hærra? Þetta eru allt hlutir sem við verðum að taka tillit til. En auðvitað megum við aldrei setta okkur við að níðst sé á félögum okkar úti í heimi, að ég tali nú ekki um barnaþrælkun,“ segir María Lóa að lokum.



Hvað eru félagsleg undirboð?

Með félagslegum undirboðum er átt við það þegar laun og önnur fríðindi eru svo takmörkuð að þau rétt uppfylla þau skilyrði sem sett eru um laun og réttindi starfsfólks. Dæmi um þetta er þegar fyrirtæki flytur starfsemi af einum stað á annan þar sem laun eru lægri eða réttur starfsfólks minni eða þegar fyrirtæki skipta dýrara vinnuafli út fyrir ódýrara, til dæmis með að nýta þjónustu starfsmannaleiga.

Í deiliahagkerfinu geta undirboðin birst á þann hátt að verktakar undirbjóða hvern annan í alþjóðlegri samkeppni og grafa þannig hver undan öðrum. Það er alltaf einhver sem hefur það verra en þú og er tilbúinn að selja sig ódýrar í von um að fá vinnuna. Útkoman verður kapphlaup á botninn.

Púkarnir á fjósbitanum

Hverjir eru milliliðirnir sem hagnast á viðskiptunum í deiliahagkerfinu?

Fyrirtækin sem hafa milligöngu um þjónustuna í deiliahagkerfinu taka hlut í hverri millifærslu. Þau eru vissulega misjöfn að umfangi en algengt er að leigubílafyrirtækin eigi enga bíla og hótélbókunarfyrirtæki eigi varla svo mikið sem rúm. Þá forðast leigubílafyrirtækin það heitar en eldinn að hafa nokkurn bílstjóra í vinnu og ekki eru hótelfyrirtækin með herbergisþernur. Þess í stað eru þau með framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og einhverja forritara. Algengt er að þau séu ekki sérstaklega stór í starfsmannahaldi en tekjurnar geta orðið gríðarlegar. Við skoðuðum nokkur þeirra.

TaskRabbit

Starfsemi: Iðnaðarfolk, húshjálp
Höfuðstöðvar: San Francisco, Bandaríkjunum
Stofnað: 2008
Tekjur: 0,62
Starfsmenn: 105
Vissir þú að? Fyrirtækið var yfirtækið af Ikea haustið 2017.

Airbnb

Starfsemi: Sala á gistingu
Höfuðstöðvar: San Francisco, Bandaríkjunum
Stofnað: 2008
Tekjur: 303
Afkoma: +60
Starfsmenn: 4.000

Lyft

Starfsemi: Leigubílaþjónusta
Höfuðstöðvar: San Francisco, Bandaríkjunum
Stofnað: 2012
Tekjur: 116
Afkoma: -23
Starfsmenn: 1.600

Uber

Starfsemi: Leigubílaþjónusta
Höfuðstöðvar: San Francisco, Bandaríkjunum
Stofnað: 2009
Tekjur: 757
Afkoma: -326
Starfsmenn: 19,595

Ebay

Starfsemi: Markaðstorg
Höfuðstöðvar: San Jose, Bandaríkjunum
Stofnað: 1995
Tekjur: 1.154
Afkoma: -118
Starfsmenn: 14.100

Kickstarter

Starfsemi: Hópfjármögnun, fjármálastarfssemi
Höfuðstöðvar: New York, Bandaríkjunum
Stofnað: 2009
Tekjur: 4
Starfsmenn: 112

Etsy

Starfsemi: Markaðstorg
Höfuðstöðvar: New York, Bandaríkjunum
Stofnað: 2005
Tekjur: 54
Starfsmenn: 744

TripAdvisor

Starfsemi: Ferðaþjónus
Höfuðstöðvar: Massac
Stofnað: 2000
Tekjur: 186
Starfsmenn: 3.228
Vissir þú að? TripAdvisor hugbúnaðarfyrirtækið Bö notaða sölu- og birgðakerfi

Starfsemi: Sta
husetts, Bandaríkjunum

*keypti í apríl íslenska
kun sem gerir mest
ið í íslenski ferðaþjónustu.*

Lýðveldið Ísland

Starfsemi: Velferðarkerfi
Höfuðstöðvar: Reykjavík
Stofnað: 1944
Teljur: 833
Afkoma: 44
Starfsmenn: 21.000

Booking.com

Starfsemi: Bókun á gistingu
Höfuðstöðvar: Amsterdam, Hollandi
Stofnað: 1996
Teljur: 112
Starfsmenn: 14.661
*Vissir þú að? Ferðamálastofa hefur beðið
Samkeppniseftirlitið að kanna hvort
skilmálar Booking.com standist íslensk
samkeppnislög.*

Ola

Starfsemi: Leigubílaþjónusta
Höfuðstöðvar: Bengaluru, Indlandi
Stofnað: 2010
Teljur: 18
Starfsmenn: 6.000

Car2Go

Starfsemi: Smábilaleiga
Höfuðstöðvar: Stuttgart, Þýskalandi
Stofnað: 2008
Teljur: 65,3
Starfsmenn: 900
*Vissir þú að? Car2Go var stofnað af Daimler,
móðurfyrirtæki Benz, Daimler og BMW
sameinuðu nýverið smábilaleigur sínar undir
merkjum fyrirtækisins.*

Tígurinn á fjósbitanum

Tiger Global Management, eða Tiger Fund, er fjárfestingafélag með höfuðstöðvar í New York sem síðustu ár hefur sérhæft sig í fjárfestingu í tæknifyrirtækjum, einkum í deiliahagkerfinu. Meðal annars er ætlað að Tiger eigi 1/3 hlutafjár í Airbnb. Það á í fyrirtækjum víða um heim en af þeim sem Íslendingar gætu kannast við má nefna: Facebook, Spotify, Amazon, Netflix, Microsoft, Dominos, Twitter, Vista, Mastercard, Dropbox og svo mætti lengi telja. Nýverið seldi það hlut sinn í indversku netverslunni Flipkart til Walmart og tók út hagnað upp á þrjá milljarða dollara, eða um 350 milljarða íslenskra króna. Markaðsvirði fyrirtækisins er talið nema 2 billjónum íslenskra króna (2.000 milljörðum).



Milljarðar í milliliði

Samkvæmt könnun sem gerð var árið 2015 er áætlað að erlendar bókunarsíður fá í sinn hlut 3-4 milljarða króna árlega fyrir bókanir á Íslandi. Vart hefur upphæðin lækkað síðan! Booking.com er þar langstærst. Algengt er að síðurnar taki 15-30% hlut í hverri bókun. En hvað þýða fjórir milljarðar á íslenskan mælikvarða?

Þjónusta Vegagerðarinnar

4,6 milljarðar

Endurhæfingarlífeyrir

4,1 milljarðar

Rekstur RÚV

4,1 milljarðar

Tannlækningar

4,1 milljarðar

Tekjur erlendra

bókunarsíðna á Íslandi

4,1 milljarðar

Vaxtabætur

4,0 milljarðar

Landhelgisgæslan

3,7 milljarðar

Heilbrigðisstofnun Austurlands

3,2 milljarðar

* Tölur af fjárlögum 2018

„Það sem einkennir deiliahagkerfið er að þú hefur enga samningsmöguleika og samtakamátturinn er út úr myndinni.“



Deiliahagkerfið og andleg líðan **Ótryggara ráðningarsamband ýtir undir vanlíðan**

Deilisíður geta skapað valdaójafnvægi milli kaupenda og seljenda þjónustu sem kaupendur geta notfært sér á óvæginn máta. Ótryggara ráðningarsamband getur aukið verulega á vanlíðan þeirra sem þegar glíma við erfiðleika í lífinu.

Deiliahagkerfið er að breyta sambandi okkar við vinnuna. Það er náteingt svokölluðu „gig economy“ eða hagkerfi sem byggir á skammtímaverkefnum. Þeir sem veita þjónustu auglýsa hana á síðum eins og TaskRabbit, en þar má fá handlagið fólk í ýmis störf. Í gegnum slíka miðlara bjóða einstaklingar fram þjónustu sína og keppa á grundvelli verðs og gæða sem grundvallast á einkunnagjöf kaup-

enda þjónustunnar. Þetta getur leitt til þess að launþegum fækkar en verktökum fjölgar sem hefur neikvæð áhrif á ýmis réttindi launafólks. Það er fint að geta unnið þegar manni sýnist, en málið flækist ef kjörin eru þannig að aldrei er hægt að hafna boði um vinnu.

Ótryggara vinnuumhverfi hefur líka ýmis áhrif á líðan fólks. „Það sem einkennir deiliahagkerfið er að þú hefur enga samnings-

möguleika og samtakamátturinn er út úr myndinni,“ segir Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur hjá Líf og sál ehf, stofu sem er viðurkenndur ráðgjafi um sálfélagslega áhættuþætti á vinnustöðum.

Raskar valdajafnvægi gagnvart kúnnanum

Einar Gylfi segir að í flestum tilfellum sé það yngra fólki sem finnst mest heillandi að sinna skammtíma verkefnum, til dæmis taka að sér verktakavinnu meðfram námi. Glansinn fari af þegar fólk eldist og sé komið með fjölskyldu og aukna ábyrgð. Haldi umsvif deiliahagkerfisins áfram að aukast verður erfiðra að snúa til baka.

Á deilisiðunum er seljendum gefnar umsagnir og einkunnir. Það á að auka gagnsæi og samkeppni auk þess að veita kaupandanum sem bestar upplýsingar. Það getur líka sett seljendur í erfiða stöðu. „Það hefur lengi verið þekkt að meiri líkur eru á streitu og einelti á vinnustöðum þar sem ýtt er undir innbyrðis samkeppni, svo sem hjá verðbréfamiðlurum.

Með einkunnagjöfinni fær kúnninn ákveðin völd. Á veitingastöðum þar sem hefð er fyrir þjófí eru meiri líkur á að þjónustufólk verði fyrir kynferðislegri áreitni. Kúnnanum finnst hann hafa ákveðinn rétt því hann skilur eftir þjófí og þjónustuaðilinn á erfitt með að setja mörk því hann er háður því að viðskiptavinurinn fari ánægður. Stjórnugjöf á samfélagsmiðlum hefur svipuð áhrif og þjófí, það er hún gefur viðskiptavininum völd sem auðvelt er að misnota og erfitt að verjast. Við getum til dæmis séð fyrir okkur ferðamenn sem nýta sér þetta með að hóta slæmri umsögn á TripAdvisor nema þeir fái betra herbergi.“

Þörf fyrir hópinn á vinnustaðnum

Samkeppni milli einstaklinga hefur líka áhrif á tilfinninguna að tilheyra hópi, sem skiptir miklu máli á vinnustöðum. „Við höfum þörf fyrir að tilheyra hópum. Fjölskyldan er mikilvægasti hópinn okkar, svo koma vinirnir og loks vinnufélagarnir. Við höfum öðruvísi tengingu við þá, við veljum okkur vini en ekki vinnufélaga svo það er þroskandi að láta sambandið við þá ganga upp. Í þessari tegund starfsemi myndast ekki starfshópar eins og við þekkjum þá,“ segir Einar Gylfi.

Í deiliahagkerfinu leggur miðlarinn ekkert til, öll ábyrgðin er á þeim sem veitir þjónustuna. Það getur aftur riðlað mörkum einkalífs og vinnu. „Þau skil eru mjög mikilvæg og þegar þau raskast bitnast það oftast nær á heimilinu. Ef hagsmunir vinnu og heimilis stangast á er tilhneigingin til að leysa málið á heimilinu, til dæmis með að laga það að vaktavinnukerfi.

Margmiðlunarbyltingin þýðir að við getum alltaf verið í sambandi við verkefni okkar og viðskiptavinum. Ef þú ert sjálfur farinn að skaffa vinnustað og vinnutæki ertu búinn að flytja vinnuna inn á heimilið með öllu sem því fylgir. Ungt fólk sem er að koma inn á vinnu-markaðinn núna hefur ekki upplifað vinnuna inni á heimilum nema í undantekningartilfellum og stendur því frammi fyrir verkefni sem það hefur engar fyrirmyndir að.“

Afturhvarf til fortíðar

Ótryggara ráðningarsamband skapar óöryggi því ekki er á vísan að róa með að verkefni gefist og launin séu stöðug frá mánuði til mánaðar. „Í hruninu upplifði fólk allt í einu að enginn væri öruggur með vinnuna. Til varð áþreifalegt óöryggi um halda starfinu sínu og það jók sannarlega á vanlíðan fólks.“

Verktakar ganga síður að ýmsum réttindum sem launþegum hafa verið tryggð. „Svona var staðan áður en stéttarfélag komu til skjalanna og knúðu fram ráðningarforsendur, veikindarétt og fleira. Sambandið var algjörlega á forsendum vinnuveitandans sem af náð sinni veitti fólki vinnu. Stéttarfélagin náðu fram ákveðinni réttindabót, til dæmis uppsagnarfresti, sem nú er verið að hverfa frá. Það skapar ýmiss konar vandamál, aðallega félagsleg og fjárhagsleg en líka tilfinningaleg.“

Flestir finna sína leið

Einar Gylfi bendir á að óöryggi í vinnunni eitt og sér muni ekki endilega hrinda fólki fram af brúninni. Fleiri breytur hafi áhrif á líðanina, til dæmis fjárhagur og fjölskylduáðstæður. Þá hafi eldra fólk meiri áhyggjur af starfsörygginu en það sem yngra er. „Því háðari sem þú ert vinnunni því uppteknari verður þú af starfsörygginu,“ segir hann.

Kosturinn við kerfið sé að fólk sé alla jafna frjálst og eigi að geta stigið út úr því ef það vill. Það kemur hins vegar verst niður á þeim sem minnst mega sín. „Ég held að eins og oftast finni flestir sína leið og komi út úr þessu standandi. Þeir sem eru vel upplýstir munu verja sig. Þeir sem hafa góðar félagslegar bjargir munu ekki láta misbjóða sér til lengdar.

Þetta á ekki við um þá sem standa höllum fæti. Á þeim er hægt að níðast eins og við höfum séð dæmi um nýverið. Til verður kerfi þar sem enginn er sökudólgurinn, sá sem skaffar vinnuna lítur ekki á sig sem slíkan og þolandinn hefur takmarkaðar félagslegar áðstæður til að verjast eða gerir sér jafnvel ekki grein fyrir að verið er að brjóta á honum.“



Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur



Komandi kjarasamningar

Uppreisn alþjóðunnar

Nú þegar launagreiðendur og stjórnvöld hafa haft viku til að melta kröfugerð Starfsgreinasambandsins og nú síðast – kröfugerð Landssambands verslunarmanna – eru viðbrögðin farin að birtast. Tvöföldun launakostnaðar, samdráttur og verðbólga. Þetta eru kunnugleg viðbrögð. Vofu atvinnuleysis og verðbólgu er hér veifað og skorað á launafólk að reikna kostnað af kröfugerð sinni.

Af hverju ættum við að gera það? Á launafólk í fiskvinnslu að bera ábyrgð á afkomu fyrirtækjanna í greininni? Eiga rútbílstjórar að ábyrgjast rekstrargrundvöll fyrirtækjanna sem þeir starfa hjá? Ábyrgð ætti að fylgja völdum og á meðan verkafólk hefur engin völd í fyrirtækjunum, er engin ástæða til að það beri ábyrgð á þeim. Hver er kostnaðurinn af launahækkunum toppanna í fyrirtækjunum? Er ekki rétt að forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins birti þá útreikninga? Hver ber ábyrgðina þar?

Andsvar við græðgi

Kröfufur verkalýðsfélaganna eru kannski „bólgnar“, eins og einhver orðaði það. Mögulega eru kostnaðarhækkanir talsvert umfram það sem hagkerfið þolir við

venjulegar kringumstæður. En kringumstæður eru alls ekki eðlilegar. Þróun síðustu ára hefur verið til vaxandi stórfelldrar misskiptingar og venjulegt launafólk horfir furðu lostið á kaupæði hinna ríku. Þeir sanku að sér fasteignum fyrir hundruð milljóna á meðan almennt launafólk sér ekki fram á að komast í öruggt húsnæði.

Síðustu ár hefur skattbyrði samfélagsins í auknum mæli verið flutt á láglaunafólk og frá þeim auðugustu. Á Íslandi er skattbyrði á auðugasta fólkið með því lægsta sem gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þeir fjölmörgu sem selt hafa gjafakvótann sinn og lifa núna á „fjármagnstekjum“ spóka sig um götur og rífast yfir lélegum snjómokstri, á meðan þeir borga ekki svo mikið sem krónu í útsvar.

Það er reyndar sammerkt með flestu


þessu auðuga fólki að það heimtar og heimtar þjónustu en notar alla klæki til að komast hjá því að greiða skatta. Til þess nota menn skattaskjól og undanskot. Og á meðan klækjunum er m.a. stjórnað úr Alþingishúsinu, eins og dæmin sanna, er lítil von til að stjórnvöld taki á málum.

Alþjóðleg viðmið


Okkur er tamt að metast við útlönd og mögulega er það einhver minnimáttarkennd lítillar þjóðar á norðurhvara. Þannig þurfum við að vera flottust miðað við höfðatölu í ótal hlutum og forstjórar og stjórnendur láta ekki sitt eftir liggja. Bæjarstjórar á Íslandi eru á launum á við borgarstjóra stórborganna og stjórnmalamenn á Íslandi eru hátekjumenn í stjórn málum heimsins og þá er ekki miðað við höfðatöluna alkunnu. En launafólk þarf að bera ábyrgð – borga kostnaðinn við að halda okkar litla gjaldmiðli á lífi og borga kostnaðinn af flotræfilshætti hinna ríku. Þar þarf engin alþjóðleg viðmið.

Forstjóri sem getur ekki tryggt launafólki í sínu fyrirtæki líf skjör, laun og vinnutíma eins og tíðkast í samkeppnislöndunum, á ekki að miða sín kjör við það sem best gerist erlendis. Stjórnmalamenn sem ráða

Þróun persónuafsláttar



Skattbyrði e. tekjufórðungum. Án barnabóta og húsnæðisstuðnings.



ekki við að halda við innviðum landsins við, svo og grunnþjónustu, eiga ekkert með að bera sig og sín kjör saman við grannþjóðir okkar. Þeir verða að fara lengra í leit að samanburði.

Íslenskur almenningur hefur um langa hríð verið ótrúlega seinþreyttur til vandræða og foringjahollur. Þannig hefur launafólk af fádæma þolgæði og þolinmæði axlað ábyrgð á velferð þjóðarinnar – lifað af aflabresti og gengisfellningar og nú síðast hrun alls bankakerfisins og atvinnuleysið sem því fylgdi. Fólk hefur hert á beltinu og brosað í gegnum tárin. Flutt tímabundið til nágrannalandanna, unnið þar og sent fé heim. Alveg eins og okkar erlendu félagar gera núna hér á landi – hefur íslenskt launafólk hrakist til annarra landa í leit að betra lífi. En alltaf komum við aftur og hefjum aftur störf.

Hingað og ekki lengra

Líta má á kröfur verkalýðsfélaganna sem gula spjaldið í íþróttaleik. Sem fimmta punktin í ökuskríteinu. Þetta er lokaábyrgð til stjórnvalda og stjórnenda fyrirtækjanna. Skilaboðin eru: „Þið hafið brotið allt það af ykkur sem hugsast getur. Hér hefur öllu sem ekki er naglfast verið stolið. Þið þurfið að skila aftur og þið þurfið að laga hlutina. Annars...“

Það er hefð fyrir því að stjórnvöld komi að gerð kjarasamninga. Oft hefur það verið með einhverjum félagslegum aðgerðum sem miðast að þeim sem veikast standa í samfélaginu. Því miður hefur þetta oft verið með einhverjum smáskammtaáðgerðum – einhvers staðar hnikað til í excel skjali og fjármunir fluttir frá einum nauðsynlegum málaflokki til annars. Þetta er svona eins og að pissa í skóinn sinn – það er skammgóður vermir. Skilaboðin núna eru: Þetta dugar ekki. Það þarf að taka ærlega til og breyta áherslum. Annars verður engin sátt og án réttmætrar skiptingar gæða lands og sjávar er íslenskt launafólk ekki lengur tilbúið til að axla ábyrgð.

Blikur á lofti

Vissulega eru ýmis teikn á lofti um að þetta góðæris- og stöðugleikatímabil sé komið á lokakafla. Það er hækkandi olíuverð og aðstæður víða erlendis gefa lítið tilefni til bjartsýni – en það er ekki bara launafólks að axla ábyrgðina. Stjórnvöld og stjórnendur verða að gera það líka. Við verðum að hafa þá tilfinningu að við séu saman í liði – njótum þess þegar vel gengur og tökum sameiginlega á þegar illa gengur. Ef einhver tíma var einhver óskrifadur samfélagssáttmáli til hjá íslensku þjóðinni – þá er hann löngu fallinn og ekki virði þess pappírs sem hann var ekki skrifaður á.

Auðstéttirnar hafa stungið okkur af og stungið af með stóran hluta þjóðarauðsins og falið hann í siðlausum skattaskjólum. Auðstéttirnar una sér í Flórída á veturna og koma hingað af og til og þá einna helst til að skemmta sér á þorablótum og sitja aðalfundi fyrirtækjanna sinna. Vellaunaðir húsprælar sjá hins vegar um að berja launafólkið áfram með annarri hendi og smala því í dilka fyrir kosningar svo það kjósi rétt. Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur.

Sáttfýsi félagshyggjunnar

Síðustu áratugi hafa félagshyggjuflokkar týnt sér í sáttfýsi og svokölluðum „samræðustjórnáttum“. Með því að vera alltaf tilbúnir til að „axla ábyrgð“ á forsendum auðvaldsins hafa félagshyggjuöflin því miður verið dyggir gerendur í að flytja viðmiðin sífellt lengra til hægri – sífellt nær hagsmunum ríkasta prósentis þjóðarinnar. Í augum hins almenna launamanns er orðið býsna erfitt að greina hverjir eru stjórnáttamenn almennings og hverjir eru hagsmunagæslumenn auðstéttarinnar.

Það er mál að linni – og nú þurfa félagsmenn verkalýðsfélaganna innan ASÍ að sameinast, þvert á alla flokka. Við þurfum að sameinast um skýr markmið og sameina krafta okkar til að knýja fram nauðsynlegar breytingar. Við viljum réttlátt þjóðfélag – er það svo mikil frekja?

-Sverrir Albertsson

Sverrir Mar Albertsson hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra AFLs frá haustinu 2005. Nokkrum mánuðum fyrr hafði hann ráðið sig til starfa á Kárahnjúkum án þess að ætla sér að stoppa lengi eystra. Sverrir er uppalinn í Hafnarfirði, nam blaðamennsku í Kanada og starfaði lengi við fjölmiðlun, meðal annars hjá Alþýðusambandi Íslands. Við tókum hús á Sverri og ræddum við hann um árin hjá AFLi, fjölmiðlunina og smíðaáhugann.



Sverrir Mar Albertsson **„Traust er ekki keypt í katalóg“**

„Ég var á sínum tíma trúnaðarmaður á bát og í stjórn Blaðamannafélagsins, þaðan sem ég var rekinn með skít og skömm fyrir að mæta aldrei. Ég ólst upp á tímum kalda stríðsins þar sem umræður í menntaskólum voru mjög pólitískar, það var rifist um hugmyndafræði til hægri og vinstri og við komum mjög pólitísk út. Ég var kjaftfor og slíkir menn eru oft bednir um að taka að sér hlutverkin til að standa við orðin,“ segir Sverrir aðspurður um hvernig leið hans hafi legið í verkalyðsbaráttuna. Hann bendir á að málin hafi líka verið rædd inni á heimili hans en faðir hans sat um tíma í stjórn BSRB.

Sverrir er uppalinn Hafnfirðingur, fór í Flensborgarskólann og síðan áfram upp í Háskóla Íslands þar sem hann hóf nám í læknisfræði. Sverrir var í henni í þrjú ár áður en hann söðlaði um og endaði á að læra blaðamennsku í Kanada.

„Ég held ég hafi verið ungur, óráðinn maður sem vissi ekkert hvað

hann vildi. Ég hafði verið inni á Landsspítalanum, talsvert inni á skurðeild, en það var orðið of mikið áfengi og djamm í skólanum. Ég var á laugardagskvöldi heima hjá mér í Kjallarherbergi að lesa undir próf og uppgötvaði allt í einu hvað mér þættu sjúklingar leiðinlegt fólk. Ég lokaði bókinni og hætti. Á mánudeginum hringdi ég upp í háskóla og tilkynnti að ég kæmi ekki í prófið og ekki meir í skólann og fór á sjóinn.“

Þá voru reglurnar þannig að einingarnar úr læknisfræðinni voru ekki metnar í önnur fög og þess vegna söðlaði Sverrir um. „Ég opnaði landabréfabók, stakk puttanum inn í hana og lenti á Kanada. Ég sótti um í fjórum háskólum þar, í jafnmörgum námsgreinum, að mig minnir. Ég fékk inni í þeim öllum en skólarnir svöruðu mishratt. Ég var búinn að taka plássíð í Carleton skólanum í Ottawa þegar hinir svöruðu.“

„Ég opnaði landabréfabók, stakk puttanum inn í hana og lenti á Kanada. Ég sótti um í fjórum háskólum þar, í jafnmörgum námsgreinum, að mig minnir“

Fjölmiðlar heimsins notaðir í þágu fjármagnsaflanna

Að námi loknu kom Sverrir heim og fór í blaðamenskuna. Hann var meðal annars fréttastjóri á NT, tilraun sem stóð í nokkur ár til að breyta Tímanum úr flokksblaði Framsóknarflokksins. Hann segir ritstjórnina hafa verið unga og kappsama með ritstjóra sem varið hafi hana vel gagnvart utanaðkomandi tilraunum til áhrifa. „Þetta var hluti af breytingunni að gera blaðamenskuna óháða pólitískum völdum. Við flettum ofan af ýmsum málum og það sköpuðust mikil læti. Þetta var liður í þróuninni í að opna samfélagið þannig að stjórnámálamenn gætu ekki falið sig á bak við huliðshjúp.“


Sverrir var um tíma þingfréttaritari og fregnaði það síðar að þingmenn hefðu átt í nokkru basli með að átta sig hvar hann stæði í pólitík. „Ég hafði ákveðin tengsl við Alþýðubandalagið og sat oft á þeirra borði í kaffistofunni, en svo kom ég stundum með ráðherra Sjálfstæðisflokksins niður í þingið, vann á blaði sem tengt var við Framsóknarflokkinn og djammaði með Bandalagi jafnaðarmanna!“

Sverrir hefur ekki alveg skorið á tengslin við blaðamenskuna þar sem hann er í dag formaður Útgáfufélags Austurlands sem stendur að baki vikublaðinu Austurglugganum og netmiðlinum Austurfrétt.

„Í skólanum var okkur kennt að áskriftirnar borguðu dreifingu og prentun en auglýsingarnar annan rekstrarkostað. Í dag verður erfiðara og erfiðara að selja áskriftir því fólk vill ekki borga fyrir það sem það fær frítt á netinu og auglýsingaféð fer til bandarískra auðkýfinga en ekki til að byggja upp íslenskt samfélag.“

Ef þú horfir á stóðir lýðræðisins þá eru dómstólarnir ein þeirra og þeir eru fjármagnaðir með skattfé. Fjölmiðlarnir eru önnur stöð en tekjustofnar þeirra eru ótraustir. Við skulum gera okkur grein fyrir því að nær allir fjölmiðlar heimsins eru komnir í hendur fjármagnsaflanna og notaðir grimmt í þeirra þágu.

Hérlandis eru margar smátírur í myrkrinu, til dæmis Austurglugginn og fleiri staðarmiðlar. RÚV er sterki kastarinn, fjölmiðill sem að minnsta kosti reynir að vinna fréttir og umfjöllun á faglegan hátt. Menn eru brjáláðir út í hann til hægri og vinstri á víxl en það kannski þýðir að hann er nokkuð góður.“



Sverrir til vinstri ásamt Guðmundi Hermanssyni. Þeir voru fréttastjórar á NT. Mynd af Timarit.is

Flúði til Danmerkur

Eftir að tilrauninni með NT var hætt og hann varð aftur að flokksblaði hætti Sverrir. Hann réði sig til ASÍ og ritstýrði til dæmis Vinnunni auk þess vann efni fyrir ýmsa fjölmiðla. Hann hætti hjá ASÍ í byrjun tíunda áratugarins og var með eigin rekstur í nokkurn tíma. „Reksturinn gekk ágætlega en við bjuggum við brjálæðislegt vaxtastig. Ég reyndi að selja mig út úr honum og hefði átt að geta gengið sléttur í burtu en það voru mikil vanhöld á greiðslum til mín og þar af leiðandi á þeim sem ég átti að skila áfram.“

Þetta var slæmur tími, mikið áfengi og ég fór á sjóinn. Ég og fyrrverandi eiginkona mín reyndum að byrja upp á nýtt árið 1998 og flúðum til Danmerkur með börnin, til Hanstholm sem margir Austfirðingar þekkja. Það var að mörgu leyti heillaskref. Thisted, einn besti menntaskóli landsins, var hverfissskóli barnanna okkar. Þau hafa náð sér í góða menntun og eiga sér gott líf í Danaveldi.

Ég var hins vegar ekki á góðum stað í lífinu. Ég var á sjónum mánuðum saman og þegar ég kom í land þurfti ég að ákveða það fyrir fram að vera edrú, til dæmis ef ég ætlaði eitthvert með börnunum, annars var ég búinn að opna fyrsta bjórinn fyrir hádegi. Hjónabandið þoldi ekki þetta álag.

Þegar ég horfi í baksýnisspegilinn geri ég mér grein fyrir að ég var alltaf að fara á lakari báta. Á síðasta norska bátnum sem ég var á taldi ég það saman að aðeins ég, skipstjórinn og einn annar Íslendingur sem var um borð í stuttan tíma, værum ekki búnir að vera í fangelsi fyrir alvarleg brot eða værum á leiðinni þangað. Sumir þeirra voru fínir kallar sem ágætt var að vinna með úti á sjó en þetta var erfiður heimur og mikil harka í öllum samskiptum. Það tók mig nokkra mánuði, eftir að ég hætti á sjónum, að finna vingjarnlegan málróm og hlýlegt viðmót því maður var ekki vanur að sýna það.“

Rofaði til á Kárahnjúkum

Sverrir var í fríi af sjónum snemma árs 2005 þegar hann sá auglýst eftir bílstjóra á Kárahnjúkum. „Þegar við fluttum út skar ég Ísland frá, hætti að fylgjast með því sem gerðist. Ég vissi ekki hvar Kárahnjúkar voru né um allar deilurnar. Ég var með gamla meiraprófið og hugsaði með mér að það væri gott að keyra truck í nokkra mánuði. Ég ætlaði ekki að vera meira en þrjá mánuði á landinu. Ég held að ég hafi haft með mér þrennar nærbuxur og tvær skyrtur!“

Tíminn á Kárahnjúkum varð lengri en áformað var og Sverrir snéri ekki aftur til Danmerkur. „Ég sá starf framkvæmdastjóra AFLs auglýst og sótti um í bríaríu. Ég var kallaður í tvö viðtöl og loks boðið starfið.“

„Það fór að rofa til hjá mér í mars 2005 þegar ég lenti á flugvellinginum á Egilsstöðum“

Ég átti ekki von á því. Þegar maður er búinn að vera lengi á þeim stað sem ég var, í sjómenskunni úti í heimi og áfenginu, er sjálfmyndin ekki sterk. Þótt hún virðist það þá er það fyrst og fremst í nösunum. Ég hélt að ég væri búinn að klúðra mínum málum þannig ég yrði landflóttasjónmaður í Barentshafi.“

Veran uppi á Kárahnjúkum gerði Sverri gott. „Það fór að rofa til hjá mér í mars 2005 þegar ég lenti á flugvellinginum á Egilsstöðum. Ég var edrú, sóttur af starfsmanni á Kárahnjúkum sem þurfti að komna við í áfengisverslun á leiðinni. Ég labbaði með honum inn og var kominn með vodkapela í hendurnar en fyrir einhvern undarlegan tilverknad lagði ég hann frá mér. Ég hugsaði með mér: „Nei, þú varst að ráða þig sem bílstjóra, reyndu að hanga edrú í einhvern tíma.“ Við fórum upp á Kárahnjúka þar sem ekkert áfengi var og ég náði vopnum mínum tiltölulega hratt. Þetta er tími sem ég tengi við góða hluti.“



Sverrir á stofnfundi nýja AFLs í apríl 2007.

Trúnaðarmennirnir deili kjörum með almennum starfsmönnum

Sverrir segir að vistin á Kárahnjúkum hafi líka orðið bærilegri því verkalýðsfélög hafi verið búin að láta til sín taka í vissum málum, til dæmis aðbúnaði starfsfólks. Sem framkvæmdastjóri AFLs kom hann að ýmsum málum sem snéru að gerð Kárahnjúkavirkjunar, smíði Fljótsdalsstöðvar og byggingu álversins á Reyðarfirði. Sum málin fóru hátt, önnur hljótt. „Upp komu mál sem ekki voru í tísku þá, til dæmis persónuverndarmál. Leitað var að fíkniefnum í herbergjum manna að þeim fjarstöddum, þar held ég að menn hafi farið fram úr sér. Síðan komu upp kynferðismál, bæði flóknari mál þar sem við leiðbeindum eftir bestu getu, en líka áreiti sem var ekki kæránlegt til lögreglu. Við ræddum við yfirverkfræðinginn, sem var réttssýnn og faglegur maður, og eftir það voru tveir háttsettir Ítalir látnir fara. Ég held að Kárahnjúkar hafi verið erfiður og harður

vinnustaður fyrir konurnar sem þar voru en það er líka til fólk sem á þaðan góðar minningar.“

Á öllum stöðum gætti nokkurrar tortryggni í garð verkalýðsfélaganna, bæði frá erlendum starfsmönnum og yfirmönnum. Sverrir segir traust hafa byggst upp með aðstoð góðra túlka, reglulegum fundum og öflugri upplýsingagjöf. Þá hafi menn lært af mistökum sem gerð voru á Kárahnjúkum þegar kom að byggingu álversins á Reyðarfirði.

„Við lærðum strax að byggja upp traust milli erlendra starfsmanna og félagsins, meðal annars með fundum með túlki. Við lærðum líka að í svona vinnubúðum verða trúnaðarmennirnir að deila kjörum með starfsmönnum. Á Kárahnjúkum bjuggu þeir í búðum Landsvirkjunar sem í augum þess sem skilur ekki málið eða siðina upplifir mannskap Landsvirkjunar sem yfirmennina. Ég fór þangað upp eftir með fulltrúum frá Alþýðusambandinu og fleirum og mæltist til þess að við borðuðum í aðalmötuneytinu en ekki hjá

Landsvirkjun. Á endanum var ég sá eini sem borðaði í stóra mötuneytinu.

Á Reyðarfirði héldum við námskeið fyrir trúnaðarmenn. Þangað komu 3-4 Pólverjar sem voru kosnir af samstarfsmönnum sínum. Yfirmönnum Bechtel fannst skrýtið að gefa þeim frí til að mæta á námskeiðið en létu undan. Mánuði síðar hringdu þeir og spurðu hvort við gætum ekki haldið fleiri námskeið. Þeir föttuðu að það væri sniðugt að vera með menn sem allir treystu sem verkstjóra. Ég held líka að það hafi verið margar fæðingar í Póllandi undir lok framkvæmdanna. Við fræddum starfsmenn um réttinn til fæðingarorlofs og þeir áttuðu sig á að þeir gætu lengt launin sem þeir höfðu hér og voru mun hærri en heima í Póllandi, um marga mánuði með að eignast barn á síðustu mánuðunum. Á tímabili vorum við með starfsmann sem gerði ekkert annað en hjálpa þeim að sækja um fæðingarorlof.“

Sameining skilaði sterkara félagi

Annað stórmál sem Sverrir kom að snemma á starfstímanum var sameining gamla AFLs við Verkalýðsfélagið Jökul á Hornafirði og Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar sem gekk í gegn vorið 2007. „Ég held að sameiningin hafi tekist vel en það var andstaða, sértaklega á Reyðarfirði. Það er alltaf erfitt að sameina, það er stolt, fortíðarhyggja og persónulegir hagsmunir, þótt lítið hafi verið um þá í þessu máli. Það voru átök um nafngiftina.

Okkur í gamla AFLi fannst okkar nafn verðmætt, við höfðum verið í slag á Kárahnjúkum og komist í umræðuna. Sameiningin hefði mögulega verið sárindaminni ef við hefðum gefið það eftir. Það var þínulíttill ruddaskapur í hvernig við tudduðum því í gegn.

Svona sameining verður ekki daginn sem hún er samþykkt en þetta slípast saman. Ég held að kröfur til verkalýðsfélaga í dag séu orðnar þannig að þau þurfi að ná



Sverrir á skrifstofu AFLs á Egilsstöðum eftir heimsókn atvinnurekanda sem var ósáttur við afskipti félagsins.

ákveðinni stærð til standa undir þeirri faglegu þekkingu sem þarf til að geta sinnt málefnum félagsmanna. Félagið virðist sterkt í dag og nýtur góðs áhlits miðað við viðhorfskannanir.“

En þótt vel gengi í starfinu átti Sverrir eftir að takast á við sinn forna fjanda, áfengið. „Ég hafði aldrei tekið faglega á mínu vandamáli. Í einhverjum hroka og sigurvissu fór ég aftur að súpa veturinn sem ég kom til starfa hjá AFLi. Ég hélt því nokkurn veginn innan skynsamlegra marka fram á haustið 2006. Þá fór að halla undan fæti, ég viðurkenndi vanmátt minn og ég leitaði mér aðstoðar. Þann 20. janúar 2007 fór ég inn á Vog. Eftir á er það mikill hamingjudagur því ég hef verið edru síðan.“

Alþýðusambandið hefur tapað ímyndarstríðinu

Sverrir segir að þótt oft séu skiptar skoðanir á fundum ASÍ, til dæmis fundum miðstjórnar þar sem Sverrir

situr, hafi menn verið samstíga í að koma sameinaðir fram út á við að þeim loknum. Hann telur ASÍ hins vegar hafa „tapað ímyndarstríðinu.“ Stóru mistökin þar í hans huga er að hafa ekki tekið forystu í umræðunni eftir efnahagshrunið haustið

”Í stað þess að verkalýðsforystan stæði sameinuð og tæki samræðuna var forsetinn skilinn eftir úti á túni. Ég held að það hafi reynst okkur mjög dýrkeypt.“

2008. „Við eigum tækin og tólin til að vera leiðandi í faglegri málefnavinnu og veita henni brautargengi. Mín tillaga var að við efndum til útífundanna en það gerði annað gott fólk. Það þýddi að verkalýðshreyfingin sat á hliðarlínunni og horfði á og varð fljótt, í hugum margra sem voru óánægðir og bitrir, hluti af apparatínu. Við höfum aldrei náð okkur upp úr því.“

Ef við förum að dansa of mikið eftir almenningssálitinu, eins og það birtist á samfélagsmiðlum, höfum við afhent mikil völd til fárra einstaklinga sem ég held að fæstir séu í ASÍ

Hann segir að eins hafi verið stundaðar grófar árásir á forseta sambandsins og þar með sambandið sjálft án þess að fleiri tækju til varna. „Foringjar í stórum félögum brugðust ekki við. Í stað þess að verkalyðsforystan stæði sameinuð og tæki samræðuna var forsetinn skilinn eftir úti á túni. Ég held að það hafi reynst okkur mjög dýrkeypt.“

Sverrir nefnir sérstaklega undirritun kjarasamninga fyrir jólin 2013 sem síðan voru felldir. „Þar skrifuðu 30-40 formenn undir samningana og fóru svo heim að halda jóla og áramót. Eftir það mættu þeir aftur til vinnu og fóru þá að þæla í hvernig þær ættu að fá samningana samþykka. Það var ekki mikil prósentuhækkun í þessum samningum og þeir sem voru reiðir og vildu meira höfðu haft hálfan mánuð á samfélagsmiðlunum áður en nokkur fór að svara. Á þessum tíma var ráðist heiftarlega á forseta ASÍ, sem ekki gerði þessa samninga en enginn af þeim sem skrifuðu undir stóðu upp og sögðust hafa gert það og af hverju.“

Síðan voru gerðir nýir samningar í febrúar með nánast sömu forsendum og samþykktir því þá voru menn búnir að fá útrás reiði sinnar.“

Ekki endilega félagsmenn sem hafa mestu skoðanirnar

Hann segist ekki hafa neinar skyndilausnir í hvernig aftur verði byggt upp traust á forystu verkalyðshreyfingarinnar. „Þú ert langan tíma að ávinna þér traust og fljóttur að glata því. Þú kaupir það ekki í einhverjum katalóg. Það er ekkert sexy svar við þessu, þú heldur bara áfram að vinna vinnuna þína.“

Umræðan á samfélagsmiðlum og áhrif hennar eru honum hugleikin. „Við erum að læra að lifa í nýjum veruleika. Eigum við að nota samfélagsmiðlana sem mælikvarða? Við kjósum ekki þar. Við berum kjarasamninga undir atkvæði, 85% samþykkja þá en svo kemur einn og fer að skammast í okkur.“

Samfélagsmiðlarnir eru hættulegir með hve auðvelt er að ná athygli með stóryrtum yfirlýsingum. Svo er annað með úthaldið við að fylgja þeim eftir. Menn gera eitthvað, 150 manns lýsa frati á þá og þeim líður eins og þeir séu einir í heiminum og hafi gert eitthvað hræðilegt af sér. En hvað með alla hina sem ekki sjá ástæðu til að skrifa neitt?

Þeir sem oft hafa stærstu og ljótustu skoðanirnar á málefnum Alþýðusambandsins eru oft ekkert félagsmenn. Ef við förum að dansa of mikið eftir almenningssálitinu, eins og það birtist á samfélagsmiðlum, höfum við afhent mikil völd til fárra einstaklinga sem ég held að fæstir séu í ASÍ.“

Smíðar meira af áhuga en hæfileikum

Utan vinnutímans segist Sverrir hafa mikinn áhuga á smíðum og eldamennsku. Þegar við hittum hann á heimili hans á Eskifirði eru nýmáluð tréborð úti í bílskúr. „Ég smíða meira af áhuga en hæfileikum – ég vil að það komi fram!“ segir hann. „Pabbi var rafvirkjameistari af gamla skólanum og ég ólst upp við þá skoðun að alvörumenn smíðuðu og gerðu það sem gera þurfti sjálfir. Hann byggði húsin sín sjálfur og þegar ég gat valdið hamri var ég byrjaður að berja eitthvað.“

Fyrsta húsið sem ég keypti var við Lækinn í Hafnarfirði og hafði verið dæmt óbúðarhæft eftir bruna. Pabbi lagði rafmagnið og ég fékk smíð til að hjálpa mér við þakið, það var eini iðnaðarmaðurinn sem kom inn í húsið. Annars byggði ég það upp á fimm árum.“

Sverrir vill ekki taka undir að eldamennskan sé meira af áhuga en hæfileikum. Áhuginn á mat leynir sér ekki, stór hluti viðtalsins fer í að tala um mismunandi kjötálegg og osta sem eru á borðinu fyrir framan okkur. „Þetta er danskur ostur, Ole gamle. Ég varð að kaupa hann þegar ég var búinn að smakka, hann er svo bragðsterkur.“

Verðum að tala saman um hvert við viljum stefna

Sverrir er í framboði til forseta Alþýðusambands Íslands en nýr verður kosinn á þingi sambandsins innan skamms. Kjarasamningar eru lausir eftir áramótin og ljóst að snúnar samningaviðræður eru framundan. Því er eðlilegt að spyrja hvað hann sjái fyrir sér í kjaramálum og hvers vegna hann vilji verða forseti.

„Við heyrum tvennar sögur um hvað fólk vill. Hægt er að nota mælikvarða samfélagsmiðlanna sem nema mikla reiði en það eru ekki skilaboðin sem við fáum af vinnustaðafundum og ráðstefnum. Reiðin er til staðar en erfitt að segja hversu útbreidd hún er.“

Fyrir ákveðna þjóðfélagsþópa er kaupmáttur traustur og góður í sögulegu samhengi. Fyrir aðra er staðan erfið og þung. Að eignast húsnæði hefur aldrei verið leikur einn en það hefur aldrei þurft jafn mörg árslau verkamanna til að kaupa þriggja herbergja íbúð og nú. Við höfum látið hjá líða að skipuleggja húsnæðismálin. Mörg ár er ekkert byggt og svo er farið í risaátök.

Fæðingatiðnin hér er með þeim lægstu á Vesturlöndum en við höfum verið nísk á aðstoð við barnafjölskyldur síðustu 20-30 ár. Meðan önnur lönd líta á barnabætur sem sjálfsagða þátttöku í kostnaði foreldra lítum við á þær sem fátækrahjálp því þú mátt ekki hafa



neinar tekjur án þess að missa barnabæturnar. Staðan er sú sama með vaxtabætur.

Verkefnið er að ná skynsamlegum kjarasamningum sem skila raunverulegri kjarabót. Skattbyrði hefur verið flutt á lágtekjufólk og það þarf róttækari aðgerðir en kynntar eru í fjárlagafrumvarpinu til að snúa því við.

Staðan er þessi meðal annars vegna margra ára sinnuleysis stjórnvalda. Ég er hins vegar ekki viss um að íslenska þjóðin, eða verka-

lyðshreyfingin, hafi haft sterka sýn síðustu ár. Í gamla daga áttum við okkur draum um betri framtíð sem varð hvatinn að ýmsum aðgerðum. Við þurfum að tala aftur saman um hvar við viljum enda í stað þess að fara í hverjar kosningarnar eða kjarasamningana á fætur öðrum í bráðaáðgerðum dagsins. Það er nauðsynlegt fyrir Alþýðusambandið og aðildarfélögin að við tökum samtalið og sameinumst um stefnumörkun til næstu 10-20 ára. Ég býð mig fram til að leiða þetta verkefni.“

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags var haldin á Hallormsstað í lok september en þar komu félagsmenn saman til að móta kröfugerð félagsins fyrir komandi kjarasamninga.



Kjaramálaráðstefna AFLs krefst þess að laun dugi til framfærslu!

Í kröfugerðinni er þess krafist að tekið verði á því misrétti sem vaxið hefur síðustu misseri, með úrskurðum kjararáðs sem farið hefur langt út fyrir þann ramma launahækkana sem miðað hefur verið við á almennum vinnumarkaði – svo og með aukinni skattbyrði sem stjórnvöld hafa lagt á launafólk. AFL krefst þess að lægstu kauptaxtar nægi til sómasamlegrar framfærslu og telur óásættanlegt að fólk í fullri vinnu festist í fátæktargildru og félagslegri aðstoð.

Þá segir í ályktun félagsins að félagið hafni alfarið framkomnum

hugmyndum um sveigjanlegan vinnutíma með lengingu dagvinnutímabilsins en kallað er eftir styttingu vinnuvikunnar án skerðingar á launum. Á ráðstefnunni var meðal annars fjallað um ályktun ASÍ-Ung þar sem farið er fram á að fundið verði jafnvægi einkalífs og vinnu með styttingu daglegs vinnutíma. Kjaramálaráðstefna AFLs krefst þess að í næstu kjarasamningum verði fallið frá þeim „hlutfallstengdu“ kaupþóxtum sem samið var um í síðustu kjarasamningum fyrir fólk undir tvítugu.



AFL Starfsgreinafélag stóð fyrir trúnaðarmannanámsskeiði á Staðarborg í Breiðdal í þrjú daga í byrjun október. Ágæt þátttaka var víða af félagssvæðinu. Aðalfyrirlesari á námskeiðinu var Guðmundur Hilmarsson frá Félagsmálaskóla alþýðu. Hann var með tvo stóra fyrirlestra um lestur launaseðla og launaútreikninga annars vegar og almannatryggingar og lífeyrissjóði hins vegar. Þá voru fyrirlestrar frá AFLi um starfsemi félagsins, kjarasamninga, sjóði þess og réttindi félagsmanna í þeim.



Af trúnaðarmannanámsskeiði





Er þetta svona á Austurlandi?

Listamenn eru oftast beittustu samfélagsrýrnarnir og geta með einfaldri teikningu flett ofan af hræsinni í samfélaginu. Það þarf engu við að bæta þessa teikningu Halldórs Baldurssonar sem birt er með góðfúslega veittu leyfi höfundar.